

Kristín Bjarnadóttir
Stóra-Rimakot
Þykkvibær

Vestmannaeyjum 17. janúar 2019
UST201901-089/P.V.B.
09.04.00

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Áningarhólf að Fjallabaki

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Hestamannafélagsins Geysis, dagsett 10. janúar 2019, um byggingu áningarhólfs fyrir hesta innan friðlandsins að Fjallabaki.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. För hesta er aðeins heimil á merktum reiðslóðum og afmörkuðum áningarstöðum. Óheimilt er að beita hestum í Landmannalaugum og annars staðar þar sem Umhverfisstofnun kann að ákveða.

Lýsing verkefnis:

Markmiðið með framkvæmdinni er að stýra hvar ferðamenn á hestum stoppi hrossarekstra innan svæðisins og minnka þannig rask á viðkvæmu landi. Árið 2018 höfðu viðkomu í Landmannahelli um 30 hópar hestamanna með alls um 1275 hross á leið sinni í Landmannalaugar. Slíkur fjöldi hrossa getur valdið þó nokkru raski á svæðinu og viðkvæmur gróður svæðisins þolir illa slíkan ágang. Stefnt er að því að setja upp hólf við Frostastaðavatn en skipulögð reiðleið liggur þar um og æskilegt að hafa áningarstað þar til að skipta leiðinni upp í hæfilega áfanga fyrir hrossin og koma í veg fyrir að hver hópur setji niður sitt áningarhólf á mismunandi stöðum á svæðinu. Nákvæm staðsetning liggur ekki fyrir, en miðað verður við að setja hólfnið niður þar sem lítill eða engin gróður er fyrir. Hólfnið verður 15x15 metrar að stærð. Reknir verða niður 10 járnstaurar og lína strengd á milli þeirra sem verður fjarlægð yfir vetrartímann. Áætlað er að framkvæmd fari fram í júlí eða ágúst 2019.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun gefur út lista á tveggja ára fresti yfir þau svæði sem veita þarf sérstaka athygli og hlúa sérstaklega að. Á listanum eru greindir styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri viðkomandi svæðis. Flokkast svæði á rauðan lista og appelsínugulan lista. Á hinum fyrnefnda eru svæði sem Umhverfisstofnun telur að séu undir miklu álagi sem bregðast þurfi strax við og er friðland að Fjallabaki talið þar á meðal vegna ágangs ferðamanna. Í friðlandinu er stórbrotið og fjölbreytt landslag, sérstakt en viðkvæmt lífrík, öræfaauðn og kyrrð. Veikleikar svæðisins er lífríkið sem er viðkvæmt. Samfeld gróðursvæði eru fá og endurheimt gróðurs sem spillist er hæg. Vaxtartími gróðurs er stuttur. Svæðið ver sig illa sjálft fyrir hverskonar umferð um svæðið. Friðlandið er mikið sótt af ferðamönnum og er í dag vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á hálendi Íslands. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið liggur ekki fyrir en vinna við áætlunina stendur yfir. Gert er ráð fyrir að í áætluninni verði

mörkuð stefna fyrir friðlandið í heild og viðeigandi áherslur mismunandi svæða innan þess þ.m.t. svæðið við Frostastaðavatn. Einnig verður mörkuð stefna um mismunandi afþreyingu og ferðaþjónustu sem stunduð er innan friðlandsins í samráði við hagsmunaaðila, þ.m.t. fólk og fyrirtæki sem stunda hestaferðir um svæðið.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að umferð hrossa um svæðið sé stýrt til að draga úr álagi á viðkvæmt lífríki svæðisins. Samkvæmt friðlýsingarskilmálum þá skulu hestar vera í afmörkuðum áningahólfum. Mikilvægt er að þessi áningahólf séu til staðar á skilgreindum svæðum. Staðsetning áningahólfa er háð samþykki sveitarfélags og Umhverfisstofnunar. Val á hentugum stað fyrir áningahólf þarf að miðast við þol svæðis gagnvart hópi hesta og að áningahólf falli sem best að landslaginu og valdi ekki neikvæðri ásýnd gagnvart öðrum gestum á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur að uppsetning á áningahólfi við Frostastaðavatn muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á svæðið og með þessari framkvæmd sé verið að bæta stýringu á umferð hesta á svæðinu. Um er ræða varanlegt mannvirki sem Umhverfisstofnun telur að sé ekki líklegt til að raska ásýnd svæðisins verulega og er afturkræft.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu á áningarhólfi við Frostastaðavatn innan friðlandsins að Fjallabaki að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Bréf þetta skal haft með í för á meðan verkefninu stendur og kynnt fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Nákvæm staðsetning áningarhólfsins skal valin í samráði við Umhverfisstofnun.
- Allur akstur utan vega er bannaður. Einungis skal aka traktor að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdarsvæðisins haldið í lágmarki.
- Vandað skal við frágang eftir að verki lýkur.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir
Sviðsstjóri

Hákon Ásgeirsson

Hákon Ásgeirsson
Teymisstjóri